

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi

Erindi nr. P 128/387

komudagur 2.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 324. mál.

Sjómannasamband Íslands gerir athugasemdir við eftirtaldar greinar frumvarpsins:

Um 2. grein:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fyrirtækjum verði heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa síðustu 10 ára frá tekjum í stað átta ára eins og er skv. gildandi lögum. Sjómannasamband Íslands legst gegn þessari breytingu og telur eðlilegra að svigrúm til skattalækkunar verði notað til að lækka tekjuskatta einstaklinga.

Um 3. grein:


Breyting á þessari grein er í samræmi við breytingu sem þegar hefur verið gerð á lögnum um lögskráningu sjómanna. Sjómannasamband Íslands styður því þessa grein frumvarpsins.

Um 13. grein:

Sjómannasamband Íslands mótmælir því að framlengt verði að leggja á þennan sérstaka tekjuskatt. Sambandið telur ekki nægilegt að lækka skattinn úr 7% í 5%, heldur eigi að fella hann alfarið niður. 13. grein frumvarpsins er því hafnað.

Að öðru leyti en fram kemur hér að framan tekur Sjómannasamband Íslands ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson